

Námsvísir: Handmennt/textílmennt á elsta stigi Hvolsskóla skólaárið 2008- 2009.

Kennari: Gerður Þórisdóttir.

Lögð verður áhersla á að örva sköpunargleði, vinnugleði, sjálfstæði og frumkvæði nemenda. Haldið áfram að byggja ofan á þann grunn sem nemendur hafa. Áhersla er lögð á að gera nemendur sjálfstæða í vinnu og að kveikja áhuga þeirra á handverki almennt, í neyslubjóðfélagi nútímans.

Markmið handmenntakennslunnar byggist á markmiðum Aðalnámskrár Grunnskóla í listgreinum frá 1999.

Markmið að nemandi:

- búi til textílverk með því að nota margs konar efni í mismunandi litum og beiti þekkingu sinni í lita- og formfræði og einföldum vinnuaðferðum textíla
- geri tilraunir með endurnýtingu og vinni með efnisbúta út notuðum fatnaði
- nýti vel efni og garn sem unnið er með
- fari eftir skriflegum vinnulýsingum
- semji grófa vinnuáætlun áður en byrjað er á viðfangsefni
- temji sér vandvirkni, góða umgengni og rétta meðferð áhalda og vela.
- noti fagbækur og upplýsingatækni
- taki mál saumi og sníði einfalda flík
- prjóni/hekli eftir leiðbeiningum (uppskrift)

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiði:

Nemendum í 7.-8. bekk verður skipt 5 hópa, 10 í hóp og koma þeir í smíðju 2x90 mín á viku, í 7 vikur. Handmenntakennsla er í eðli sínu afar einstaklingsmiðað nám. Ætlunin er að nemendur byggji ofan á þá reynslu sem þeir hafa öðlast á yngri stigum og vinni sjálfstætt undir leiðsögn kennara.

Nemendur fá verkefni í prjóni, hekli eða vélsaumi sem þau útfæra að eigin óskum og getu. Nemendur vinna eftir skriflegum leiðbeiningum og uppskriftum.

Verkefnin geta verið mismunandi milli hópa eftir árstíðum, vegna samþættingar við aðrar greinar, þemavinnu o.s.frv.

Einstaklingskennsla, sýnikennsla, hópkenndsla og samvinnunám (nem. hjálpa hver öðrum).

Námsgögn:

Hannyrðablöð og -bækur. Skriflegar vinnulýsingar.

Námsmat:

Kennaraeinkunn, verkefni nemanda og vinna metin ásamt símati sem samanstendur af frumkvæði/sjálfstæði 40%, vinnusemi/vandvirkni 20%, fylgir fyrirmælum 20%, umgengni/hegðun 20% .

Stöðumat, leiðsagnarmat. Sjálfsmat – nemandi metur eigin vinnu í lok hvers tíma, kennari metur vinnu nemandans á sama eyðublað. Kennari skráir einnig í Mentor.